

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1097****2022/EES/72/54****frá 30. júní 2022**

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.
- 2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem líta ber á sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ⁽²⁾, að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 3) Hinn 28. mars 2022 lét Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „vaksiny.gov.mg“. Lýðveldið Madagaskar upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustarmann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Madagaskar hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar hefur gefið út í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjttð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

- 4) Lýðveldið Madagaskar upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953. Þó upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um, vegna núverandi stöðu faraldursins, að mótefnavakahraðpróf (RATs) væru skyldubundin fyrir alla ferðamenn við komu þeirra til alþjóðaflugvalla á Madagaskar.
- 5) Hinn 1. júní 2022 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Madagaskar, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna.
- 6) Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar hefur gefið út í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ innihaldi nauðsynleg gögn. Auk þessa upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Covishield, BBIBP-CorV, Vaxzevria og Jcovden.
- 7) Lýðveldið Madagaskar upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð.
- 8) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi batavottorð.
- 9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Madagaskar framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófundur í Madagaskar sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.
- 10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Lýðveldinu Madagaskar í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.
- 11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Lýðveldinu Madagaskar í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.
- 12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Madagaskar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.
- 13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.
- 14) Til að tengja Lýðveldið Madagaskar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu sem Lýðveldið Madagaskar gefur út í samræmi við kerfið „vaksiny.gov.mg“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Madagaskar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
